

Alþingi
Erindi nr. P 143/1219
komudagur 10.3.2014

Árni Davíðsson
Suðurbraut 1
200 Kópavogur
netfang: arnid65@gmail.com

Kópavogur, 10. mars 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til umferðarlaga, 284. mál, 143. löggjafarþing.

Engar athugasemdir eru við fyrirbyggjandi frumvarp til umferðarlaga. Hinsvegar vil ég leggja til að þetta tækifæri verði notað til að gera smávægilega orðalagsbreytingu á 83. gr. umferðarlaga til að greiða fyrir því að hægt sé að taka sanngjarnt gjald fyrir veitta þjónustu á fjölsóttum ferðamannastöðum í dreifbýli.

Tillaga:

Lagt er til að þéttbýlishugtök verði felld brott úr 2. mgr. 83. gr. „Í kaupstað eða kaupúni er sveitarstjórn heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.“ Málsgreinin verði svona:

„Sveitarstjórn er heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.“

Skýring:

Eins og orðalagið er í núverandi lögum má líta svo á að sveitarstjórn sé óheimilt að setja reglur um notkun stöðureita í dreifbýli. Nauðsynlegt getur verið að hafa reglur um bifreiðastöður á ákveðnum svæðum í dreifbýli í kringum fjölsótta ferðamannastaði. Á fjölsóttum ferðamannastöðum er nauðsynlegt að reisa umfangsmikil og dýr mannvirki til að taka á móti ferðamönnum, fyrst og fremst eru það bílastæði og salerni. Það er ekki nema eðlilegt að notendur þessarar þjónustu greiði fyrir hana t.d. með stöðugjaldi fyrir bifreiðar. Göngustígar og önnur aðstaða er tiltölulega lítill hluti kostnaðar við móttöku ferðamanna. Reglur um bifreiðastöður á skilgreindu svæði í kringum þessa ferðamannastaði eru nauðsynlegar til að hindra að bílum sé lagt meðfram þjóðvegum og utanvegar. Stjórnlaus lagning bíla í kjölfar gjaldtöku mundi fylgja talsverð slyshætta við þjóðvegi og landspjöll vegna utanvegaaksturs. Kosturinn við þessa gjaldtöku er að hún mundi ekki takmarka frjálst aðgengi almennings að ferðamannastöðum þar sem hún væri eingöngu hugsuð sem gjaldtaka fyrir veitta þjónustu en ekki sem gjald fyrir aðgang að náttúruperlu.

Ég er tilbúin að koma á fund nefndarinnar og svara spurningum.



Árni Davíðsson